

Nd.

289. Nefndarálit

[161. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta á fundum sínum, en það kemur frá Ed. og voru þar gerðar á því nokkrar breytingar.

Á fundum nefndarinnar mættu fulltrúar tollskrárnefndar, þeir Björn Hermannsson og Ögmundur Guðmundsson.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þskj., en þessar brtt. eru fluttar vegna leiðréttinga og samræmingar við gildandi lög um tollskrá.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja öðrum brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. des. 1970.

Matthias Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Lúðvík Jósefsson.	Þórarinn Þórarinsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
	Geir Hallgrímsson.	